



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/715
komudagur 7.1.2004

Reykjavík 31. desember 2003
SG/gh

Varðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, 340. mál, sjónmælingar og sala tækja.

Landlæknir hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um sjóntækjafræðinga.

Landlæknir gerir engar athugasemdir við framkomið frumvarp enda er það álit Landlæknisembættisins að tímabært sé að breyta lögum nr. 17/1984 um sjóntækjafræðinga, á þann hátt að sjóntækjafræðingar fái með vissum skilyrðum og takmörkunum að ávísa sjónhjálpartækjum (gleraugum og snertilinum), enda verði sett nánari skilyrði i reglugerð um menntun sjóntækjafræðinga og takmörkun á heimildum sjóntækjafræðinga til sjónmælinga á nánar tilteknum hópnum þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, svo sem barna, aldraðra og ákveðinna sjúklingahópa. Umrædd greinargerð fylgir frumvarpinu.

Landlæknir þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um umrætt frumvarp með umsögn.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir